

# GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

**Apótek**  
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

## Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30

Krambúðin



KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR



Sigurður Gunnlaugsson  
löggiltur fasteignasali  
Sími 898 6106



**FLATEY**

PIZZA NAPOLETANA  
Garðatorgi 6. S.568 2666



MEIRAPRÓF Í FJARFUNDI  
HEFST 21. MÁRS  
VERKLEG KENNSLA  
SKRÁNING HAFIN OG Á GAMLA VERÐINU  
Í REYKJAVÍK, AKUREYRI,  
OG Á SAUÐÁRKRÓKI  
AKTÚ ÖKUSKÓLI  
Skráning á aktu.is

## 80 leikskólapláss laus í Garðabæ

Mönnunaryandi og herferð hefst í dag

„Mönnun leikskóla hefur reynst okkur, líkt og öðrum sveitarfélögum, krefjandi verkefni. Í vetur hefur af þessum ástæðum gengið verr að innrita börn en vonir stóðu til í haust. Staðan í dag er sú að við eigum ríflega 80 leikskólapláss sem ekki eru nýtt vegna manneklu en það horfir til betri vegar,” segir Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri Garðabæjar í viðtali við Garðapóstinn um stöðu leikskólamála í Garðabæ, en í dag hefst viðbótaratak og auglýsingaherferð hjá Garðabæ til að ráða starfsfólk til vinnu við leikskólana.

„Við auglýsum allar stöður sem eru lausar við leikskólana, en í dag hefum við að auki sérstakt viðbótaratak og hvetjum fólk til að kynna sér störf í leikskólum Garðabæjar, sem eru fjölbreytt og vinnuumhverfið faglegt og gott. Þetta eru mikilvæg störf, enda erum við að leita að fagfólki til að byggja upp næstu



Nýr sex deilda leikskóli við Holtsgveg í Urriðaholti verður opnaður á morgun

kynslóð. Við erum meðal annars að bjóða upp á forgang á leikskólapláss fyrir starfsfólk leikskóla, afslátt af leikskólagjöldum, styrki til að mennta sig í leikskólafræðum og ýmislegt fleira,” segir Ásta Sigrún, en hægt er að lesa viðtalið við hana á blaðsíðu 2.

KOMINNTÍMA  
SKOÐUN?  
Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is  
Frumherji

HAFID  
FISKVERSLUN  
- Gæðin skipta mátt -  
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

yuzu  
yuzu HEFUR OPNAÐ Í  
LITLATÚNI, GARÐABÆ  
“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”  
yuzu

SKÓLATILBOÐ  
50%  
AFSLÁTTUR  
AF CHICKENADO, NICE GUY OG ELVIS  
Tilboðið gildir alla virka daga frá 11:00 – 13:00 í janúar og febrúar í Lemon Garðabæ

30%  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

**Garðapósturinn kemur næst út 7. mars**

Síðasti skiladagur föstudaginn 1. mars  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020  
Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)  
**Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is**  
Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann  
897 2468



Hálfán  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Kristín  
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



**Útfararstofa Íslands**  
www.utforin.is • Garðabæ

**Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892**  
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



**Útfararstofa Hafnarfjarðar**  
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



**Útfararþjónusta**  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Framhald af forsiðu 80 leikskólapláss laus í Garðabæ

## Tímabil breytinga þar sem reynir mjög á leikskólakerfið

Það er mikið að gerast í leikskólaláttum í Garðabæ þessa stundina, en starfsumhverfi starfsfólks og barna er að taka breytingum og þá stendur yfir innritun barna á vorönn og þar munar mikið um nýjan leikskóla, Urriðaból við Holtsveg í Urriðaholti, sem var opnaður á morgun, 1. mars.

Í byrjun apríl er svo komið að stærstu innritun ársins. Þar mun þeim börnum, sem fædd eru á fyrri hluta árs 2023 og verða ekki þegar komin með pláss, fá úthlutað leikskólapláss fyrir næsta skólaár. Garðapósturinn fékk þó heyrnir af því að það væru ekki öll börn komin með leikskólapláss sem væru fædd árið 2022.

### Leitt að það hafi orðið misskilningur

Garðapósturinn heyrði í Ástu Sigrúnu Magnúsdóttur, samskiptastjóra Garðabæjar og spurði hvort það væri rétt og hvernig stæði á því, nú þegar á að úthluta öllum börnum sem eru fædd á fyrri hluta árs 2023 og eru ekki nú þegar komin með leikskólapláss, leikskólapláss í byrjun apríl? „Mönnun leikskóla hefur reynst okkur, líkt og öðrum sveitarfélögum, krefjandi verkefni. Í vetur hefur af þessum ástæðum gengið verr að innrita börn en vonir stóðu til í haust. Staðan í dag er sú að við eigum ríflega 80 leikskólapláss sem ekki eru nýtt vegna manneklu en það horfir til betri vegar. Börn fá boð um leikskólastofu eftir aldrir og því miður vorum við ekki nægilega skýr með það í síðustu viku á þessum vettvangi. Það þýðir að þau börn sem fædd eru 2022 og hafa ekki fengið leikskólapláss fá að sjálfsögðu innritun á undan þeim sem yngri eru - þau ganga fyrir og það er leitt að um það hafi orðið misskilningur,” segir Ásta Sigrún og heldur áfram: „Svo munum við koma að börnum fæddum 2023 og er gert ráð fyrir að sú úthlutun fari fram í apríl og börnin hefji dvöl í haust eða fyrr.”

### Skrá lögheimili barna sinna hjá ömmu og afa eða ættingjum í Garðabæ til að fá inn á leikskóla í Garðabæ?

Nú hafa einnig nokkrir foreldrar leikskólabarna í Garðabæ vakið athygli á því á síðustu vikum og mánuðum að svo virðist sem foreldrar barna í nágrennsveitarfélögum séu að færa lögheimili barna sinni til ömmu og afa sem búa í Garðabæ eða jafnvel að annað foreldrið skrái lögheimilið sitt hjá ættingjum og vinum í Garðabæ ásamt barni, til að komast með það fyrr inn á leikskóla, því Garðabæ virðist vera standa sig betur í þessum málum en nágrennsveitarfélögin, en þetta er náttúrulega á



„Við, og samfélagið allt, erum að ganga í gegnum tímabil breytinga þar sem reynir mjög á leikskólakerfið, en við erum að bregðast við því með því að styrkja fagfólkið okkar, gera leikskóla að enn meira aðlaðandi vinnustöðum og bæta umhverfi barnanna sem þar dvelja,” segir Ásta

kostnað barna sem eru uppalin og búsett í Garðabæ.

Hefur Garðabæ fengið þessar ábendingar til sín og er hægt að bregðast við þeim með einhverjum hætti? Þetta hlýtur að vera óliðandi fyrir bæjaryfirvöld í Garðabæ og foreldra barna sem komast þá seinna með börnin sín inn á leikskóla með tilheyrandi vandræðum? „Við höfum orðið vör við þessa umræðu en höfum ekki staðfest dæmi um það. Leikskólanefnd er að vinna að breytingum á innritunarreglum um leikskóla og þar er tekið fram að bæði lögheimili og búseta verði að vera í Garðabæ til að fá leikskólapláss. Þessari breytingu er ætlað að skýra línurnar hvað þetta varðar. Það er rétt að fram komi að fólk greiðir útsvar til sveitarfélaga þar sem það á lögheimili.”

### 80 pláss laus á leikskólum Garðabæjar

Það hefur líka verið rætt um mönnunarvanda í leikskólum almennt um allt land. Hvernig er staðan í Garðabæ, nú er að opna nýr og glæsilegur sex deilda leikskóli við Holtsveg í Urriðaholti þar sem hægt er að taka á móti 120 börnum. Er búið að fullmanna leikskólann og hvað eru í raun mörg laus leikskólapláss í Garðabæ sem ekki er hægt að manna vegna vöntunar á starfsfólki? „Á föstudag opnar Urriðaból við Holtsveg dyr sínar fyrir leikskólabörnum, en fyrstu tvær deildirnar hefja þá störf. Skólar ehf reka leikskólann og verður Urriðaból við Kauptún systurleikskóli hans. Ráðningar hafa gengið vel og mun þriðja deildin taka til starfa fljótlega,” segir Ásta Sigrún og heldur áfram: „Í Garðabæ eru um 80 pláss

á leikskólum laus. Börnin eru á öllum leikskólaaldri, en tekið er inn eftir kennitölum og samkvæmt lausum plássum á deildum sem eru aldurstengdar. Hingað flytja börn vikulega og önnur flytja í burtu og því er listinn síkvikur og staðan breytist hratt.”

### Viðbótaráttak hefst í dag til að ráða í lausar stöður

„Við auglýsum allar stöður sem eru lausar við leikskólana, en í dag hefjum við að auki sérstakt viðbótaráttak og hvetjum fólk til að kynna sér störf í leikskólum Garðabæjar, sem eru fjölbreytt og vinnuumhverfið faglegt og gott. Þetta eru mikilvæg störf, enda erum við að leita að fagfólki til að byggja upp næstu kynslóð.

Við erum meðal annars að bjóða upp á forgang á leikskólapláss fyrir starfsfólk leikskóla, afslátt af leikskólagjöldum, styrki til að mennta sig í leikskólafræðum og ýmislegt fleira. Við kappkostum að skapa vinnustaði þar sem einstaklingshugmyndir fá að njóta sín og allir starfsmenn hafa raunveruleg áhrif. Við viljum gera fólk kleift að nýta krafta sína til að vaxa í starfi, hvar sem styrkleikarnir liggja.”

### Breytingar sem eiga að auka stöðugleika í leikskólaláttum

Getur Garðabæ brugðist við þessu með einhverjum öðrum hætti? „Í haust var ákveðið að gera talsverðar breytingar á starfsumhverfi leikskóla sem felst meðal annars í því að stytta opnunartíma, bæta sveigjanleika á vinstunartíma og koma til móts við starfsfólk með bættum vinnutíma, aðstæðum og ákveðnum fríðindum. Þessar breytingar eiga að auka stöðugleika í leikskólaláttum og því stefnum við á að bjóða börnum sem eru fædd á fyrri hluta árs 2023 leikskólapláss frá hausti eins og venjan er. Sú úthlutun fer fram nú í apríl.”

### Erum að ganga í gegnum tímabil breytinga þar sem reynir mjög á leikskólakerfið

En að flestu leiti er hjart yfir þegar kemur að leikskólaláttum í Garðabæ og með opnun Urriðabóls við Holtsveg? „Við, og samfélagið allt, erum að ganga í gegnum tímabil breytinga þar sem reynir mjög á leikskólakerfið, en við erum að bregðast við því með því að styrkja fagfólkið okkar, gera leikskóla að enn meira aðlaðandi vinnustöðum og bæta umhverfi barnanna sem þar dvelja,” segir Ásta Sigrún og bætir við að lokum: „Við erum og höfum verið svo gæfusöm að reka öfluga leikskóla með fagfólki og geta veitt barnafjölskyldum mikla og góða þjónustu. Við stefnum alltaf að því að veita leikskólapláss snemma og viljum að íbúar Garðabæjar geti gengið að þeim með öruggum hætti.”

## Flygladúó gefur Tónlistarnæringu

Miðvikudaginn 6. mars kl. 12:15 fara fram tónleikar með flygladúóinu Sóleyju í sal Tónlistarskóla Garðabæjar.

Dúóið skipa þær Laufey S. Haraldsdóttir og Sólborg Valdimarsdóttir en þær munu leika á tvo flygla sem er nýbreytni í tónleikaröðinni.

Efnisskráin samanstendur af þremur íslenskum verkum, þar af svítu sem var samin sérstaklega fyrir dúóið sem frumflytur verkið á tónleikunum.

Aðgangur er ókeypis og öll velkomin.





# HALLÓ MARS!



**199**  
kr/stk  
áður  
359 kr

Nói lakkrís súkkulaði  
60g



**549**  
kr/pk

Lay's MAX  
4. teg. 185g



**199**  
kr/stk  
áður  
319 kr

Malt og appelsín  
Án sykurs 330 ml



**249**  
kr/stk  
áður  
379 kr

Coca Cola án sykurs  
Koffínlaust - 500 ml



**20%**  
afsláttur

Nóa  
Páska bland 300g,  
Tromp bitar 285g  
Rjómasúkkul. Trompbitar



**249**  
kr/stk  
áður  
439 kr

Monster Energy  
Zero Sugar - 500 ml



**149**  
kr/stk  
áður  
239 kr

Bonaqua sítrónu  
500 ml



**99**  
kr/pk  
áður  
199 kr

Takis Fuego  
28g



**349**  
kr/stk

Cadbury Caramel  
45g



**30%**  
Appsláttur

TGI Fridays  
3 teg.



**799**  
kr/pk  
áður  
989 kr

Freyju Hríð  
160g



**179**  
kr/stk  
áður  
269 kr

Egils páskaöl  
Sykurskert  
330 ml

Krambúðin

# Garðbæingar eiga tvær frábærar söngkonur á úrslitakvöldi Söngvakeppnar RÚV

- Anita syngur lagið Stingum af og Sigga Ózk Um allan alheiminn í beinni útsendingu á laugardaginn

Garðbæingar biða eflaustir spennir eftir úrslitakvöldi Söngvakeppinnar á RÚV á laugardaginn, en þar munu meðal annarra stíga á svið tvær ungar og efnilegar söngkonur úr Garðabæ, þær Sigga Ózk, sem flytur lagið Um allan alheiminn/Into the Atmosphere og Anita, sem flytur lagið Stingum af/Downfall, en báðar komust þær í gegnum undankeppnina.

Þær eru því komnar í fimm manna úrslit og hver veit nema að Garðbæingar munu eiga „sinn“ fulltrúa í Eurovision-keppninni í ár, sem haldin verður í Malmö í Svíþjóð dagana 7.-11. maí. Verst er að það verður aðeins einn sigurvegari krýndur á laugardaginn, svo ekki komast þær báðar, en Garðbæingar geta sannarlega haft áhrif á það hvort önnur þeirra komist alla leið til Malmö með því kjósa, vilt og galið, á laugardaginn.

Garðapósturinn heyrði í stúlkunum og það þær að svara nokkrum lauffléttum spurningum.

## Anita

### Stingum af

Hvað notar þú símann þinn mikið á dag?

Stundum allt of mikið.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn?

Fersku iste.

Hver er uppáhalds maturinn þinn?

Margir mexíkóskir réttir, humar og góð steik.

Ef þú gætir ferðast um í tímann, á hvaða áratug myndir þú fara á og af hverju?

Ég er mjög forvitin um the 80's. Það sem maður sér út á við er svo heillandi, tónlistin, tiskan, litirnir. Og ekkert eðlilega góðar hárgreiðslur.

Hvað er uppáhalds lagið þitt?

Þessa stundina elska ég Back On 74 með Jungle.

Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn þinn?

Ég er með mjög breiðan tónlistarsmekk. Ég held mikið upp á Billie Eilish, Laufey og GDRN. Svo fýla ég Herra Hnetusmjör



Anita flytur lagið Stingum af í söngvakeppninni á laugardaginn

í tætlur, er mikil Beyonce og Dua Lipa kona, dýrka Stuðmenn og svo lengi mætti telja.

Á hvernig bíl ekur þú og hver er draumabíllinn?

Toyota Aygo (guð blessi mig). Dreymir um að eignast gellu jeppa.

Óttast þú eitthvað?

Eigin efasemdir, þær gera manni ekkert gagn.

Ef þú ættir að vera með blogg, um hvað myndir þú blogga?

Menningu! Tónlist, leikhús, viðburði, dans.

Ef þú gætir breytt einhverju einu í samfélaginu okkar hvað væri það þá?

Strykja heilbrigðiskerfið okkar

Ef peningar væru ekki vandmál, hvað hlut vildirðu þá helst eignast/eða gera?

Ferðast um allan heim

Hvað er það vandræðalegast sem þú hefur lent í?

Úff rosalega margt, er mjög hvatvís og klaufsk.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

Hlæja, ekkert betra en gott hláturskast.

Koma fram, dansa, syngja eða leika. Eiga góða stund með vinum og ferðast.

Kanntu að elda?

Já ég er þökkaleg í eldhúsinu. Elska að búa til rækju taco.

Áttu gæludýr eða langar þig í gæludýr?

Já ég á hund af tegundinni Lhasa Apso sem heitir Bangsi.

Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn?

Dexter er klassik. The Office og New girl eru mínir feel good þættir allt árið um kring.

Ferðu oft í kvikmyndahús?

Það kemur fyrir, alltaf næs að fara í bíó

Hvernig er góður dagur fyrir Anitu?

Að fá að sofa aðeins út, vakna vel fersk, út með hundinn, borða góðan morgunmat. Hreyfa mig hvort sem það er dansæfing eða að fara í ræktina. Helst vera með eitthvað smá prógramm; vinna í einhverju skapandi, hitta vini, fara út að borða og í leikhús.

Hvenær vaknar þú á morgnana og tekur það þig langan tíma að fara framúr?

Ef ég þarf ekki að mæta snemma, þá er ég alveg til í að sofa bara. Get verið að vakna 4:40 þegar ég er á leið í vinnu í morgunflug en aðra daga allt á milli 9-11.

Hvað fær Anitu til að brosa?

Hundar og lítil börn.


En hvað segir svo Anita um laugardaginn, orðin spennit fyrir kvöldinu og finnst þér þú geta bætt einhverju við flutninginn þinn frá undankeppninni? „Ég er virkilega spennit fyrir laugardeginn. Atriðið okkar (eftir Baldvin Alan) er satt best að segja fullkomið og ég gæti ekki verið sáttari með teymið mitt. Við erum aðeins að hreinsa til og fínþússa en að öðru leiti er ekki þörf á stórvægilegum breytingum. Við þurfum að venjast enska textanum og ég þarf að vera dugleg á hlaupabrettinu til að mæta þólið.“

## Sigga Ózk

### Um allan alheiminn

Hvað notar þú símann þinn mikið á dag?

Fer eftir tímabilum, þegar það er mikið að gera þá fer ég ekkert í símann. Annars er ég líka oft með eitthvað youtube myndband í gangi þegar ég er að gera mig til á morgnana OG ég er oft með símann bara opinn þannig 'screen time' sýnir meiri tíma en raunverulega.



Sigga Ózk flytur lagið Um allan alheiminn í söngvakeppninni á laugardaginn

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn?

Vatn með jarðaberja salttöflu.

Hver er uppáhalds maturinn þinn?

Hawaii pizza eða steik með rjómaost og avocado. Auðvelt og gott.

Ef þú gætir ferðast um í tímann, á hvaða áratug myndir þú fara á og af hverju?

Ég hugsaði fyrst 80's 90's tímabilið útaf tónlistinni en ég get heyrt sögur og séð myndbönd af því. Ég væri til í að fara til baka þegar það voru engin tæki og fólk var bara að lifa þessu fallega lífi án þess að vera háð einhverjum skjá.

Hvert er uppáhalds lagið þitt?

• Úff það er svo erfitt því það fer bara eftir degi og tíma. En ég hugsa að all time favorite þuuurfi að vera 'All Night Long' með Lionel Richie það er bara alltof skemmtilegt lag.

Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn þinn?

Beyoncé og Ariana Grande.

Hver er uppáhalds bíómyndin þín?

Legally Blonde.

Á hvernig bíl ekur þú og hver er draumabíllinn?

Bíllinn minn heitir Klki, hún er hvítur Kia Picanto. Einn daginn verður það Lightoxfordgrey eða nude Porsche Panamera og hún mun heita Coco Portia.

Óttast þú eitthvað?

Ég óttast þess að líta til baka, þegar ég verð eldri, að hafa ekki farið alla leið með það sem mig langar að gera í lífinu. Annars er ég mjög hrædd við geitunga og köngulær og hræðist að þau skríða inn í eyrun mín.

Ef þú ættir að vera með blogg, um hvað myndir þú blogga?

Ég hef verið með blogg! Ég elska það. Ég skrifa nefnilega reglulega í dagbók og elska að skrifa um lífið. En ég væri mjög til í að búa til svona sjálfstrausta blogg síðu til að hjálpa fólki með sjálfstraust og að elta draumana sína.

Ef þú gætir breytt einhverju einu í samfélaginu okkar hvað væri það þá?

Ég væri til í að sjá meiri gleði og samvinnu. Við búum á mjög köldu og einangruðu landi og okkur vantar stundum bara smá sól í hjarta og góða að.

Ef peningar væru ekki vandamál, hvað hlut vildirðu þá helst eignast/eða gera?

Ég væri til í að gefa öllum börnum tækifæri á menntun, ást og öryggi.

Hvað er það vandræðalegasta sem þú hefur lent í?

Ég breyti yfirleitt öllu vandræðalegu í fyndið grín og þá er það ekki jafn vandræðalegt.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

Mér finnst skemmtilegast að vera í kringum gott fólk, vera úti í sólinni og einhver er að spila á gítar og við erum öll að syngja saman. En ég elska líka það sem ég geri, að semja músík og ég elska að koma fram á stórum sviðum með góðum dönsurum og sýna öllum geggjað show sem við erum búin að undirbúa. Síðan finnst mér líka yndislegt að kenna börnum og sjá þau vaxa í dásamlega einstaklinga.

Ertu hjátrúarfull?

Ég er súper hjátrúarfull og þessir skrítnu hlutir koma frá því að ég bjó í Svíþjóð. Ég stíg aldrei á brunna, þeir boða ógæfu. Ég óska mér alltaf þegar klukkan er 11:11 og snerti yfirleitt ekki gólfíð.

Kanntu að elda?

Mér finnst mjög gaman að elda. Ég geri besta pasta carbonara í heimi.

Áttu gæludýr eða langar þig í gæludýr?

Mig langar svo mikið í hund sem er Maltipoo og á að heita Pogo.

Ertu trúuð?

Ég trú í hið góða. Ástin og góðmennskan sigrar alltaf.

Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn?

Gossip Girl er efst í huga en ég elska alla raunveruleika þætti

Ferðu oft í kvikmyndahús?

Nei en mér finnst það mjög skemmtilegt þegar ég er með skemmtilegu fólki að fara á skemmtilega mynd!

Hvernig er góður dagur fyrir Siggu Ózk?

Allir dagar geta verið góðir dagar ef ég næ að setja hugann við það sem ég elska. Stundum er það bara ákvörðun að eiga góðan dag þótt allt sé á móti manni.

Hvenær vaknar þú á morgnana og tekur það þig langan tíma að fara framúr?

Ég snooza alltaf allaveganna einu sinni þannig ég stíli klukkuna alltaf aðeins of snemma því ég veit að ég er lengi að gera mig til á morgnana þannig ég vil frekar vera með meiri tíma heldur en í stressi. Betra sein og sæt en fljót og ljót, DJÓK.

Hvað fær Siggu Ózk til að brosa?

Litlu hlutirnir. Þegar ég sé aðra hamingjusama og ná árangri. Knús, vinátta, börn, tónlist, hreyfing, góður matur og bara hugsunin að það er líka til svo margt fallet í þessum skrítna heimi.

En hvað segir svo Sigga Ózk um laugardaginn, orðin spennit fyrir kvöldinu og finnst þér þú geta bætt einhverju við flutninginn þinn frá undankeppninni? „Það er alltaf hægt að bæta sig. En ég er virkilega spennit að koma fram aftur núna á laugardaginn þetta er svo rosalega skemmtilegt atriði.“

Og ætlar Sigga Ózk að komast til Malmö? „Það fer eftir hvað fólkíð kys,“ segir hún brosir.

## Bæjarlistamaður Garðabæjar – óskað eftir ábendingum

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar auglýsir eftir rökstuddum ábendingum um val á bæjarlistamanni 2024.

Ábendingar berist menningarfulltrúa, Ólöfu Breiðfjörð fyrir 24. mars 2024 á olof@gardabaer.is .

Tilkynnt verður um val á bæjarlistamanni við hátíðlega athöfn vorið 2024 .

Nánari upplýsingar má sjá á: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



Vefmiðill Garðapóstsins [kgp.is](http://kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)  
[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

# Sumarstörf hjá Garðabæ



## Eftirfarandi sumarstörf fyrir ungt fólk laus til umsóknar Umsóknarfrestur til og með 4. mars 2024

### Garðyrkjudeild

#### Almenn garðyrkjustörf

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2006 eða fyrr

#### Störf í slætti

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2006 eða fyrr

### Þjónustumiðstöð

#### Almennir verkamenn

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2006 eða fyrr

### Vinnuskólinn

#### Yfirflokkstjórar

Stefnumótun, skipulagning og stýring á Vinnuskóla í samvinnu við forstöðumann

#### Flokkstjórar

Skipulagning og stýring á vinnuhópum unglinga á aldrinum 13-16 ára við ýmis garðyrkjustörf

### Skráning unglinga í Vinnuskólann

Skráning unglinga sem fæddir eru árin 2008, 2009 og 2010 er hafin

### Fjölbreytt sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2007.

Hægt er að sækja um eftirfarandi störf:

Ýmis störf í umhverfishópum, störf í leikskólum, störf í þjónustu við eldri borgara í Jónshúsi og störf á sumarnámskeiðum íþróttá- og tómstundafélaga

### Fjölbreytt sumarstörf fyrir 18 ára og eldri

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2006 eða fyrr.

Hægt er að sækja um eftirfarandi störf:

Ýmis störf í umhverfishópum, störf á leikskólum, störf í þjónustu við eldri borgara í Jónshúsi, störf á bæjarskrifstofum, störf á Hönnunarsafni, skapandi sumarstörf og störf á sumarnámskeiðum íþróttá- og tómstundafélaga

### Verkefnastjóri skapandi sumarstarfa

Viðkomandi skal vera með menntun í skapandi greinum og reynslu af listsköpun og miðlun.

Umsækjendur skulu vera fæddir 2001 eða fyrr

### Aðstoðarmaður verkefnastjóra

Starfið felst í skipulagningu og stýringu á vinnu ungmenna í skapandi sumarstarfi.

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2004 eða fyrr

### Yfirflokkstjóri umhverfishópa

Starfið felur í sér stefnumótun, skipulagningu, ábyrgð og stýringu á vinnuhópum í samvinnu við garðyrkjustjóra.

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2001 eða fyrr

### Flokkstjórar umhverfishópa

Störfin felast í að stýra hópum ungmenna við almenn garðyrkjustörf.

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2003 eða fyrr

### Flokkstjórar í leikskólum

Störfin felast í skipulagningu og stýringu í samvinnu við leikskólastjóra á vinnu ungmenna í sumarstörfum.

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2004 eða fyrr

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar

# Við trúum því að í lífinu eigi maður alltaf að gera sitt besta, ekki bara fyrir sjálfan sig heldur líka að reyna að láta gott af sér leiða

- segja hjónin Baldur Rafn Gylfason og Sigrún Bender eigendur heildverslunar Bpro sem láta gott af sér leiða í Mottumars

Bpro heildverslun tekur í fyrsta skipti þátt í Mottumars, sem er árlegt átak Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameinum hjá körlum, en Bpro hefur áður styrkt Krabbameinsfélagið með því að taka þátt í Bleiku slaufunni. Í samvinnu við sænska herramerkið Beard Monkey hefur Bpro látið framleiða sérmerkt mottuvax sem verður selt til styrktar Krabbameinsféluginu, en allur ágóði af sölu á vaxinu rennur beint til félagsins.

Tilgangur Mottumars er að allir taki höndum saman í vitundarvakningu um krabbamein hjá körlum og afli um leið fjár fyrir mikivægri starfsemi Krabbameinsfélagsins. Átakið hefst 1. mars og í ár verður lögð áhersla á gildi hreyfingar sem forvarnar gegn krabbameinum.

Eins og áður segir þá hefur Bpro stutt við Krabbameinsfélagið í gegnum Bleiku slaufuna, en árið 2021 seldi Bpro sérmerkt bleika Wonder Brush hárbursta frá HH Simonsen með bleiku slaufunni og söfnuðust rúmlega 3,5 milljón króna fyrir Krabbameinsfélagið. Bpro er heildverslun með fagvörur fyrir hárgreiðslu- og snyrtistofur þar sem lagt er mikill metnaður í að bjóða einungis upp á hágæða vörur.

Eigendur Bpro eru hjónin og Garðbæingarnir Baldur Rafn Gylfason og Sigrún Bender og við spurðum Baldur hvernig

það hafi komið til að þau ákváðu að taka þátt í Mottumars í ár? „Það er líklega einfalt svar, en við trúum því að í lífinu eigi maður alltaf að gera sitt besta, ekki bara fyrir sjálfan sig heldur líka að reyna að láta gott af sér leiða. Við höfum margt gert það og nokkrum sinnum ansi vel. Þarna sáum við leið til að leggja Mottumars lið og kylðum á að prófa með von um að okkar frábæru samstarfsaðilar um allt land tækju þátt með okkur, annars væri þetta ekki hægt,” segir hann.

**Möst vara ef þú ætlar að móta skeggið í eitthvað alvöru form**  
Og það er vel við hæfi að kaupa mottuvax frá Beard Monkey í sjálfum Mottumars, bæði til að gera skeggið fallegt og að styðja við gott málefni að auki? „Ég hef oft sagt að það er sama hver varan er þá tekur maður bara þátt og kaupir ef maður hefur einhver tók á, hvort sem um er að ræða álfa, lyklakippur eða mottuvax. Og við erum afar stolt að segja frá því að allur ágóði af sölu á mottuvaxinu mun renna beint til Krabbameinsfélagsins. Annars er þessi vara möst ef þú ætlar að móta skeggið í eitthvað alvöru form. Það þornar fljótt þar sem það er lítið af olíum í því sem munar öllu fyrir alvöru skeggjara.”

**Með mikið úrval af góðum skeggvörum**  
Það þarf væntanlega fleira en gott mottuvax þegar menn fara að safna skeggi,



Hjónin Baldur Rafn og Sigrún láta gott af sér leiða í Mottumars með sölu á á Mottuvaxinu frá Beard Monkey til stuðnings Krabbameinsféluginu



eruð þið með meira úrval af góðum skeggvörum? „Já, við erum með mikið úrval af góðum skeggvörum frá Beard Monkey og svo erum við auðvitað með Pasta & Love herralínuna frá Davines sem margir þekkja og elska. En það er ekki síður mikilvægt að fara til alvöru rakara sem kennir manni að viðhalda og móta til að ná fullkomna skegginu. Ég er gamall fagmaður en eftir að ég lét sjá um þetta og kenna mér er ég alltaf með spot-on skegg,” segir Baldur broandi.

## Mun klárlega sporta finu skeggi í mars

Eins og þú nefnir þá ertu með spot-on skegg, en ætlar þú að leggja metnað í að safna í eina góða mottu í Mottumars? „Ég er að sjálfsgöðu alltaf vel skeggjaður, enda umkringdur bestu skeggvörum og tækjunum. Ég mun því klárlega sporta finu skeggi í mars og hver veit nema ég í hendi í mottuna,” segir hann.

## Listi yfir sölustaði á bpro.is

En hvar verður hægt að nálgast mottuvaxið og aðrar skeggvörur frá Beard Monkey? „Mottuvaxið verður auðvitað fáanlegt hjá Krabbameinsfélaginu á krabb.is og hjá okkur á bpro.is. Það verður einnig fáanlegt á sölustöðum Beard Monkey og hjá okkar frábæru samstarfsaðilum á hár- og snyrtistofum um allt land,” segir Baldur en listi yfir sölustaði Beard Monkey er að finna á bpro.is.

## Allur ágóði til Krabbameinsfélagsins

Og eins og kemur fram þá eruð þið að styðja við Krabbameinsfélagið með sölnni á mottuvaxinu? „Já, það fer allur ágóði af sölnni af vaxinu til Krabbameinsfélagsins. Auk þess gefum við alla vinnu starfólks Bpro, sem hefur vandað vel til verka með ást og alúð og allt markaðsefni. Við erum stolt af okkar verki og vinnu.”

Í Mottumars í ár er lögð áhersla á mikilvægi hreyfingar sem forvörn gegn krabbameini. Erud þið meðvitað um þetta og bæði dugleg að hreyfa ykkur? „Við erum mjög meðvitað um mikilvægi hreyfingar fyrir andlega og líkamlega heilsu og erum dugleg að hreyfa okkur. Við stundum líkamsrækt og erum almennt mjög aktív fjölskylda. Starfsfólkið okkar er sama sinnis og við stefnum á að taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu saman í ár.”

**Þetta að fara í skoðun hjá karlmönnum er oft feimnismál, en á ekki og má ekki vera það**  
Ég ætla ekki að spyrja þig um aldur, en það er mælt með að karlmennt og konur fari reglulega í krabbameinsskoðun. Ertu að standa þig hvað það varðar? „Aldur er afstæður, en ég er 47 ára og er ekki feiminn við að segja það! Og já, ég fór fyrst 40 ára og hef farið oft og í meira en oft er talað um þar sem það er saga í minni fjölskyldu eins og svo mörgum. Þetta að fara í skoðun hjá karlmönnum er oft feimnismál, en á ekki og má ekki vera það.”



„Ég mun því klárlega sporta finu skeggi í mars og hver veit nema ég hendi í mottuna

**Allir hafa gaman af góðri gjöf**  
Og þið hvetjið að sjálfsgöðu alla til að kaupa mottuvaxið frá Beard Monkey og styðja við Krabbameinsfélagið? „Auðvitað! Þó þú sért e.t.v. ekki með skegg til að leika með þá þekkirðu pottþétt einhvern sem hefði gaman af góðri gjöf og það er alltaf gott að styrkja gott málefni. Við erum mjög þakklát fyrir tækifærið til að styðja við Krabbameinsfélagið eins og við höfum gert áður með Bleiku slaufunni og nú með Mottumars,” segir Baldur að lokum og við hvetjum bæjarbúa til að styðja við þetta góða málefni með kaupum á mottuvaxinu.

## Skínandi skart, smiðja fyrir alla fjölskylduna

Sunnudaginn 3. mars er fjölskyldum boðið að taka þátt í smiðju í Hönnunarsafninu sem hefst kl. 13.

Hvernig vinna skartgripasmíðir? Hvernig getum við skreytt okkur sjálf? Helga Mogensen skartgripasmíður leiðir skapandi fjölskyldusmiðju þar sem lærum að gera okkar eigin hálsfesti úr fjölbreyttum efnivið.

Helga Mogensen útskrifaðist árið 2007 með BA gráðu í Skartgripum og Silfursmíði frá Edinburgh College of Art í Skotlandi.

Frá útskrift hefur Helga verið að sýna skartgripi á fjölda sýninga hérlandis og erlendis.

Aðal áherslur eru notkun á hráefnum úr náttúrunni eins og rekavið sem hún tynir sjálf norður á Ströndum. Smiðjan er í tengslum við sýninguna Skart sem opnar á Pallinum á Hönnunarsafninu föstudaginn 1. mars. Skart er fyrsta sýning í röð viðburða sem fagna 50 ára afmæli Textílfélags Íslands. Þátttaka í smiðjunni með Helgu Mogensen er ókeypis og öll velkomin.



## Gleðjumst með fermingarbörnunum. Opið alla fermingardagana



Verið velkomin  
Tímappantannir í síma 565 6620

Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN  
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Opið alla virka daga frá 9-18

# ÄNGLAMARK DAGAR NETTÓ

29. febrúar–10. mars

25% appsláttur af öllum  
Änglamark-vörum.



- Um 300 vörur; fjölbreytt úrval
- Lífrænar, umhverfisvænar og Svansvottaðar
- Án astma- og ofnæmisvaldandi efna
- Án litar- og ilmefna
- Án efna sem raska hormónabúskapnum

Vinsælasta græna vörumerki Svía 12 ár í röð!

Hvert er þitt uppáhalds Änglamark?



Betra  
verð  
með  
appinu!



Afslátturinn birtist  
sem inneign í appinu.  
Sæktu appið og  
byrjaðu að spara!

nettó



## Aðalfundur FEBA

Aðalfundur eldri borgar á Álftanesi verður haldinn í Litlakoti á Álftanesi miðvikudaginn 13. mars kl. 16:00

Venjuleg aðalfundarstörf  
**Stjórnin.**

# Vonandi geta börnin eldað með

## Sigurjón Ívarsson matreiðslumaður hjá Hjallastefnunni gefur út matreiðslubók

Sigurjón Ívarsson, matreiðslumaður hjá Hjallastefnunni gaf á dögunum út matreiðslubók, í samstarfi við Hjallastefnuna, með uppskriftum af hinum og þessum réttum sem hann hefur eldað fyrir nemendur og starfsfólk Hjallastefnunnar í gegnum árin.

Sigurjón hóf störf sem matreiðslumaður hjá Hjallastefnunni í byrjun október 2008 og þá var eldhúsið til húsa á Vífilstöðum í Garðabæ, en í dag er það staðsett í Hafnarfirði. Sigurjón eldar í dag fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og í Hafnarfirði auk Hjalla í Hafnarfirði.

En hvernig kom það til að Sigurjón ákvað að gefa út matreiðslubók í samstarfi við Hjallastefnuna? „Það kom nú þannig til að í gegnum árin hafa margir komið að máli við mig og óskað eftir uppskriftum af hinum og þessum réttum. Nú þegar ég hef unnið í 15 ár hjá Hjallastefnunni fannst mér kominn tími til að koma þessum uppskriftum mínum á prent. Ég ræddi þetta við forsvarsmenn Hjallastefnunnar sem tóku vel í þessa hugmynd mína og hér er afraksturinn kominn,“ segir hann brosandi.

Það geta allir nýtt sér bókina Og hvernig matreiðslubók er þetta og fyrir hverja er hún hugsuð? „Þetta er bók sem er að mestu með venjulegum heimilismat sem ég hef eldað fyrir nemendur og starfsmenn Hjalla í gegnum tíðina. Hún er hugsuð fyrir börn, aðstandendur og starfsfólk Hjalla sem hafa borðað hjá mér í gegnum árin. En að sjálfsgöðu geta allir nýtt sem bókina.“

Einfaldar og aðgengilegar uppskriftir Hvernig uppskriftir eru þetta? „Þetta eru frekar einfaldar og aðgengilegar uppskriftir og vonandi geta börn eldað með þegar bókin er nýtt,“ segir Sigurjón.



Sigurjón segir að margir hafa komið að máli við sig í gegnum árin og óskað eftir uppskriftum af hinum og þessum réttum

Og leggur þú mikið upp úr því að bjóða börnum og nemendum á leik- og grunnskólum Hjallastefnunnar hollan og góðan mat? „Það er mikið lagt upp úr hollum og góðum mat á Hjalla og að hráefnið er ferskt og án aukaefta,“ segir hann.

Áhuginn á matreiðslu meðfæddur En hvaðan kemur áhugi þinn á matreiðslu? „Hann er að öllum líkindum meðfæddur,“ segir hann og brosir. „Margir í fjölskyldunni minni eru miklir matgæðingar, matreiðslumenn og þjónar.“

Fiskibollurnar vinsælastar Áttu sjálfur einhvern uppáhalds rétt í bókinni? „Einn kaffi í bókinni heitir; Uppáhalds uppskriftir og þar lét ég nokkrar uppskriftir fylgja með sem eru uppáhaldsréttir fjölskyldunnar minnar. Minn uppáhaldsréttur og sá réttur sem hefur verið vinsælastur á Hjalla eru fiskibollurnar,“ segir Sigurjón, en sú uppskrift er á bls. 27 í bókinni og fylgir að sjálfsgöðu með.

Og er bókin komin út og hvar er hægt að kaupa hana? „Bókin er komin út og hana er hægt að nálgast í Barnaskólunum í Garðabæ og í Hafnarfirði. Síðan er hægt að hafa samband við mig í netfanginu sigurjon@hjalli.is og panta bók,“ segir hann að lokum.

### Fiskibolluuppskriftin.

#### Fiskibollur

##### Hráefni:

400 gr hakk með lauk úr góðum fiski, ýsa eða þorskur.  
110 gr hveiti  
1 egg  
1dl vatn  
1tsk grænmetiskraftur  
2tsk sítrónu pipar  
2tsk hvítlauksduft  
100 gr smjör til steikingar

##### Aðferð:

Öllu hrært í hrærivélaskál. Passa að hræra ekki of lengi, þá geta bollurnar orðið of seigar.  
Bollur mótaðar og steiktar á pönnu upp úr smjöri.




## Eigum lausa labrador rakka, súkkulaðibrúna

Hvolparnir verða ættbókafærðir frá Hrfi heilsufarsskoðanir, örmerktir, bólusettir og ormahreinsaðir. Báðir foreldrar eru heilsuhraustir og með gott geðslag og hafa verið sýndir á sýningum Hrfi.

Faðir hvolpana hefur hlotið 1. sæti, heiðursverðlaun og best in show fyrir afkvæmi tvisvar.

Þeir eru fimm vikna núna. Tilbúin til afhendinga enda mars. Það má skoða hvolpanna nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir Elísabet.  
elisabetsoffia1@gmail.com og gsm 6901460



GARÐABAER.IS

## Á skrifborðsflakki um Garðabæ

### Hvað finnst þér um þjónustuna okkar í Garðabæ?

Almar Guðmundsson bæjarstjóri kemur sér fyrir með kaffibolla á við og dreif um Garðabæ og býður upp á opna viðtalstíma fyrir íbúa. Öll velkomin og gert er ráð fyrir að fólk geti fengið sér sæti með bæjarstjóra í stutta stund til að ræða málin.

**Mánudaginn 4. mars**  
klukkan 7:30–9:30 í Álftaneslaug

**Þriðjudaginn 5. mars**  
klukkan 16:00–18:00 í Álftaneslaug

**Miðvikudaginn 6. mars**  
klukkan 7:30–9:30 í Ásgarðslaug

**Þriðjudaginn 12. mars**  
klukkan 16:00–18:00 í Ásgarðslaug



GOTT SAMFÉLAG



# EINSTÖK MATARUPPLIFUN

– Í HJARTA MIÐBORGARINNAR –

## Food & Fun

06.03 – 10.03



Gestakokkur er **HENRIK JYRK** sem sækir innblástur í Norræna og asíska matargerð.



Gesta  
kokkur



### F&F MATSEÐILL

**OSTRUR**  
Lychee, epli

**STÖKKT STÖKKT**  
Reykt þorskhrogn

**NAAN**  
Svartur hvítlaukur, þeytt smjör

**HÖRPUSKEL**  
Agúrka, Szechuan pipar

**LAMB**  
Karrý, spínat

**SÚKKULAÐI**  
Ristað brauð, karamella

**11.900 KR. PR. MANN**

**KVÖLDVERÐUR** Þri-fim 18-21 | Fös-lau 18-22

**HAPPY HOUR**  
16:00 - 18:00

## Urriðaholtsskóli - virðing, ábyrgð, umhverfi

## Urriðaholtsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli

Skólaárið 2024-2025 verður grunnskólastarf fyrir börn fædd frá 2009 til 2018 eða í 1.-10. bekk.

**Gildin okkar eru virðing, ábyrgð, umhverfi**  
Gildi skólans eru virðing, ábyrgð og umhverfi en þau voru valin af starfsfólki og nemendum skólans á fyrsta starfsári hans. Skólastarfið byggir á teymiskennslu starfsfólks og samkenndu árganga. Hverju barni er mætt þar sem það er stöðugt að styrkja frekari undirstöður til náms. Í Urriðaholtsskóla er lögð áhersla á að öll börn fái námsefni og kennslu sem tekur mið af því hvar þau standa í námi. Í skólanum eru notaðar gagnreyndar kennsluáferðir en það eru þær áferðir sem rannsóknir hafa sýnt að eru árangursríkar til kennslu. Þessar áferðir stuðla meðal annars að því að efla sjálfstrú barna, gera þau ábyrg og meðvitund um eigið nám, eflir áráðni þeirra og færni í að takast á við áskoranir í leik og starfi.

## Samstarf skólastiga

Hönnun skólans gerir ráð fyrir að hvert skólastig eigi sitt heimasvæði sem skapar aðstæður til að efla vinnu innan árganga, milli árganga og þvert á skólastig og er teymisvinna á milli starfsfólks ríkjandi. Leikskólastig, yngsta stig, miðstig og unglingsstig skapar sitt samfélag á þann hátt að hver og einn fái að vera einstakur en um leið hluti af samfélagi. Á næsta skólaári verður haldið áfram að móta unglingsstig Urriðaholtsskóla og festa félagsmiðstöðina Urriða enn frekar í sessi. Hver nemendahópur á sitt starfsmannateymi sem er ábyrgt fyrir sínum hópi sem saman stendur af tveimur til



Útihreysti í Urriðaholtsskóla

fjórum árgöngum. Það eflir samstöðu, samvinnu og verður til þess að styðja við börn og styrkja þau félagslega sem og námslega óháð aldri. List- og verkgreinar eru kenndar í smíðjum en verið er að byggja við skólann og farið er út fyrir boxið á meðan list- og verkgreinastofur eru í uppbyggingu.

## Þróunarstarf

Urriðaholtsskóli hefur hlotið styrki frá Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ og er í samstarfi við Morning-side Academy um að innleiða kennslumodel sem byggt er á rannsóknum. Markmið verkefnisins er að byggja upp færni nemenda í grunnþáttum, máls, lesturs og

stærðfræði. Áferðirnar veita kennum stuðning í að byggja upp jákvæðan aga og bekkjarstjórnun og nemendur þjálfa skólafærni og seiglu. Urriðaholtsskóli er í samstarfi Rannsóknarstofu í atferlisgreiningu hjá Háskóla Íslands með það að markmiði að efla kennslu í skólanum og tengja fræðasamfélagið við vettvang leik- og grunnskóla.

## Velkomin í Urriðaholtsskóla

Skólinn er að ljúka sínu sjötta starfsári og uppvöxtur mikill, næsta haust verður annar áfangi skólahúsnæðis tekinn í notkun og í kjölfar verði farið í þriðja byggingaráranga skólans sem mun hýsa m.a. íþróttastöðu



Þorgerður Anna Arnardóttir

skólans. Á vefsíðu skólans [www.urridaholtsskoli.is](http://www.urridaholtsskoli.is) má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, hvetjum áhugasama um að kynna sér skólanámskrá skólans.

Fjölskyldur barna sem eru að fara í 1. til 10. bekk og hafa áhuga á að velja Urriðaholtsskóla er bent á að hafa samband við skrifstofu skólans.

Starfsfólk Urriðaholtsskóla

Urriðaholtsskóli, leik- og grunnskóli v/Vinastræti  
urridaholtsskoli.is • sími: 591 9500  
netfang: [urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is](mailto:urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is)  
Skólastjóri: Þorgerður Anna Arnardóttir

## Sjáländsskóli - heildstæður grunnskóli

## Skapandi skólastarf fyrir nemendur í 1.-10. bekk

Sjáländsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 10. bekk sem tók til starfa haustið 2005 en unglingsdeild skólans hefur verið starfrækt frá árinu 2008. Í skólanum eru rúmlega 250 nemendur.

Skólastarfið í Sjáländsskóla er fjölbreytt og hefur skólinn frá upphafi sett sér afar metnaðarfull markmið. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta, sveigjanlega og lýðræðislega kennsluhætti, sköpun og tjáningu auk þess sem útinám er hluti af vikulegu skipulagi allra árganga í 1.-7. bekk.

## Skólahúsnæði og námsumhverfi

Sjáländsskóli er fallegur og vel útbúinn skóli. Staðsetning hans er einstök sem og skólabyggingin sem er björt, litrík og notaleg. Opin rými skólans skapa margvísleg tækifæri til fjölbreyttra námsaðstæðna og öflugrar hópavinnu. Sjáländsskóli er heilsueflandi skóli og ber Grænfána Landverndar þar sem meðal annars er lögð rík áhersla á skólastarfið í anda heilsueflingar og umhverfismenntar. Unnið er að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda í hvívetna en velferð og vellíðan nemenda og starfsmanna er undirstöðupáttur í allri nálgun á skólastarfið.

## Læsi

Lestrarstefna Sjáländsskóla er undirstöðupáttur menntunar. Rík áhersla er lögð á lestur og lesskilning í öllu skólastarfinu ásamt kennslu í ritun. Samstarf heimilis og skóla er lykilþáttur í lestrarkennslu og er heimalestri fylgt mjög vel eftir í öllum árgöngum.

## Skapandi skólastarf

Í öllu skólastarfi Sjáländsskóla er rík áhersla lögð á list- og verkgreinakennslu. Í skólanum fer fram metnaðarfull kennsla í tónlist, hönnun, smíði, textíl, myndmennt, nýsköpun, íþróttum og sundi undir stjórn sérmenntaðra kennara. Skólalóðin býður upp á skemmtilega möguleika fyrir fjölbreytt skólastarf en í hverri viku fara nemendur í útikennslu þar sem allar námsgreinar eru kenndar með fjölbreyttum hætti. Nemendur í 1. - 7. bekk skólans taka daglega þátt í morgunsöng og hefur það reynst farsæl byrjun á skóladeginum.



Útinám er m.a. hluti af vikulegu skipulagi allra árganga í 1.-7. bekk í Sjáländsskóla

## Unglingastig – Metnaðarfullt nám, fjölbreytt val og áhersla á sköpun

Allt nám unglingsdeilda er metnaðarfullt og umsjónarkennarar halda vel utan um hvern nemanda. Lögð er áhersla á að dugmiklir nemendur geti haldið eigin hraða í sínu námi. Í náttúrufræði, samfélagfræði og lífsleikni er unnið í stórum þemaverkefnum en listir, verkgreinar og íþróttir eru einnig snar þáttur í skólastarfinu. Lögð er rík áhersla á að aðlaga nám að nemendum og að þeir fái góðan grunn í undirstöðuatriðum menntunar.

Á unglingsstigi Sjáländsskóla er boðið upp á fjölbreyttar og spennandi valgreinar. Hver og einn nemandi getur valið um þátttöku í tólf valnámskeiðum yfir skólaárið og þeir nemendur sem leggja stund á tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla geta fengið nám sitt metið. Skólinn útvegar nemendum sínum einstaklega góða aðstöðu til tónlistariðkunar og gerir þeim kleift að ljúka áfangaprófi samhliða námi í unglingsdeildinni. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi en önnur dæmi um valgreinar sem boðið hefur verið uppá má nefna leirmótun, Skólahreysti, ítölsk matargerð, kajak, útiútdun, málun og hönnun.

## Félagsmiðstöðin Klakinn – Frábært félagslíf

Í unglingsdeild Sjáländsskóla er öflugt félagslíf en þar er starfrækt félagsmiðstöðin Klakinn. Hlutverk hans er að styðja við unglingsdeild með fjölbreyttu tómsundastarfi

en meginmarkmið starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru og stunda heilbrigðar tómsundir undir leiðsögn reyndra tómsundaleiðbeinenda. Unnið er út frá hugmyndafræði unglingslýðræðis, hugmyndum nemenda og áhugasviði þeirra. Tvö kvöld í viku er opið hús og geta allir nemendur á unglingsstigi tekið virkan þátt í félagslífinu. Meðal viðburða á opnum kvöldum má nefna spilakvöld, böll, gistingu, lan, fifamót, átkeppni, lasertag, bíókvöld, vinakvöld, kósikvöld, kökukeppni, íþróttamót, kaffihúsakvöld og þrautakvöld. Nemendur í félagsmálavali og aðrir nemendur á unglingsstigi stjórna dagskrá Klakans. Einnig gefst nemendum á unglingsstigi kost að taka þátt í leikriti Klakans og árlegri skíðaferð til Dalvíkur. Þá tekur félagsmiðstöðin virkan þátt í öllu starfi Samfés og hafa nemendur skólans m.a. unnið Stíl hönnunarkerppni félagsmiðstöðva og átt fulltrúa í söngkeppni. Að auki býður Klakinn fimmta, sjötta og sjöunda bekk upp á miðeildarstarf. Nemendur í sjöunda bekk eru með opnun einu sinni í viku og fimmti og sjötti bekkur er með opnun aðra hverja viku.

## Ábyrgðarfullir umsjónarkennarar

Umsjónarhópar í Sjáländsskóla eru af hæfilegri stærð og umsjónarkennarar sjá um stóran hluta kennslu sinna hópa í öllum árgöngum. Áhersla er lögð á að rækta góð tengsl milli starfsfólks, nemenda og foreldra. Teymiskennsla er leiðandi í öllu skólastarfinu.



Sesselja Þóra Gunnarsdóttir

## Verið velkomin í Sjáländsskóla

Opið hús fyrir forráðafólk og nemendur sem vilja kynna sér skólann verður þriðjudaginn 5. mars á milli kl. 16:00 og 17:00. Verðandi nemendur í 1. og 8. bekk og forráðafólk þeirra eru sérstaklega boðnir velkomnir.

Á heimasíðu skólans má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið og hvetjum við öll til að kynna sér það. Einnig er hægt að bóka heimsókn með því að senda tölvupóst á netfangið [sjalandskoli@sjalandskoli.is](mailto:sjalandskoli@sjalandskoli.is).

Á vefsíðu skólans [www.sjalandskoli.is](http://www.sjalandskoli.is) má finna hagnýtar upplýsingar um skólann og skólastarfið. Forráðafólk getur bókað heimsókn til að kynna sér skólastarfið eftir samkomulagi með því að bóka heimsókn í tölvupósti á netfangið [sjalandskoli@sjalandskoli.is](mailto:sjalandskoli@sjalandskoli.is).

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir, skólastjóri

Sjáländsskóli  
Langalína 8  
Árgangar: 1. - 10. bekkur  
Fjöldi nemenda: 250  
Sími: 590-3100  
[sjalandskoli@sjalandskoli.is](mailto:sjalandskoli@sjalandskoli.is)

## Álftanesskóli - jákvæður skólabragur

## Allir eru einstakir



Ýmis þróunarverkefni hafa verið í skólanum síðustu ári

Álftanesskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Í skólanum eru rétt tæplega 360 nemendur í tveimur bekkjardeildum í árgangi. Í Álftanesskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti í samræmi við einstaklingsmiðað nám og reynt að stuðla að því að öllum líði vel í skólanum. Lítið er svo á að mannleg samskipti og ábyrg hegðun séu grunnþættir í skólastarfinu og að forsenda náms sé að nemendum líði vel í skólanum. Starfsmenn skólans leggja sig fram við að eiga jákvæð samskipti við heimilin og stuðla þannig að betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri.

### Jákvæður skólabragur – Uppeldi til ábyrgðar

Í skólanum er í samskiptum byggt á uppbyggingu sjálfsgaga – uppeldi til ábyrgðar. Megináhersla stefunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsgaga og sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og virðingu fremur en stjórnugjöf. Mikil áhersla er lögð á að nemendur séu í góðum samskiptum við starfsmenn svo hægt sé að leysa öll mál á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Stefnan treystir á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar kennir sjálfsgaga og hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Gagnkvæm virðing er forsenda jákvæðra samskipta.

### Fjölbreytt umhverfi

Álftanesskóli býr við fjölbreytta náttúru þar sem stutt er í fjörur, fjölskrúðugt fuglalíf, tjarnir og skemmtilegt umhverfi í göngufæri og er áhersla lögð á tengsl við umhverfið í skólastarfinu. Álftanesskóli hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem lögð er áhersla á að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og skapa jákvætt viðhorf þeirra og starfsmanna til umhverfismála.

Skólasafnið og Bókasafn Álftaness/Garðabæjar eru rekin sameiginlega í skólahúsinu. Eftir að skóladegi nemenda í 1.– 4. bekk lýkur er boðið upp á frístundastarf,



Anna María Skúladóttir

Álftamýri. Á elsta stigi Álftanesskóla er öflugt félagslíf en þar er starfrækt félagsmiðstöð, Elítan. Hlutverk hennar er að styðja við unglunga með fjölbreyttu tómstundastarfi en meginmarkmið starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru.

### Skapandi skólastarf

Álftanesskóli leggur áherslu á skapandi starf og í list- og verkgreinum er kennt í vinnulotum í 1.–9. bekk. Einnig hafa nemendur á unglingsstigi valgreinar í sínum stundatöflum þar sem þeir geta valið um ýmis fög og þá út frá áhugasviði. Á miðstigi er einnig skapandi starf í list- og verkgreinum en á miðstigi eru einnig kenndar svokallaðar fjölgreinar sem eru skipulagðar sem ákveðnar vinnulotur þar sem lögð er áhersla á mismunandi greinar, s.s. leiklist, hreyfingu, félagsfæmi, sköpun, upplýsingamennt o.fl.

### Þróunarverkefni

Ýmis þróunarverkefni hafa verið í gangi í skólanum síðustu ár og skapa þessi verkefni fjölbreytta vinnu og nýjar áherslur í skólastarfi t.d. leiðsagnamat, rætt til ritunar, fjölbreyttir kennsluhættir, Lego-félagsfærni.

### Lestur

Í skólanum hefur mikil áhersla verið á lestur og lestrarfærni nemenda m.a. með kynningum fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í 1. og 3. bekk á hverju ári. Nemendur taka árlega þátt í alls konar lestrartengdum verkefnum s.s. lestrarsprettum, þjálfun



lesskilnings og fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum á bókasafni skólans. Stefnan Álftanesskóla er að leggja frá upphafi skólagöngu nemenda traustan grunn að lestri svo að þeir geti byggt ofan á eftir því sem færni þeirra eykst og þroskinn vex. Áhersla hefur verið á fjölbreytta kennsluhætti m.a. Vörður og vegvísa á yngsta og miðstigi. Einnig hefur verið lögð áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir á læsi, s.s. Lesfimi, Orðarún o.fl.

### Samstarf skólastiga

Álftanesskóli hefur verið í samstarfi við leikskólana Krakkakot og Holtakot, þar sem megingangurinn með samstarfinu er að leikskólanemendur læri í gegnum leik að þekkja Álftanesskóla, kynnist þannig húsnæði og starfsfólki skólans. Skólinn hefur jafnframt átt gott samstarf við Fjölbraitaskóla Garðabæjar með framhaldsáfangu fyrir nemendur í 10. bekk.

Á vefsíðu skólans [www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is) má finna hagnýtar upplýsingar um skólan

og skólastarfið. Forráðafólk getur komið í heimsókn og kynnt sér skólann eftir samkomulagi. Kynning fyrir forráðafólk verðandi 1. bekkinga skólans verður í lok maí.

Anna María Skúladóttir, skólastjóri.

Álftanesskóli. v/Breiðumýri

Árgangar 1. – 10. bekkur

Fjöldi nemenda: 360

Sími: 540 4700

Netfang: [alftanesskoli@alftanesskoli.is](mailto:alftanesskoli@alftanesskoli.is)

## YFIRLIT KYNNINGA GRUNNSKÓLA Í GARÐABÆ VEGNA INNRIÐUNAR FYRIR HAUSTIÐ 2024

Innritun nemenda í 1. bekk (f. 2018) og 8. bekk (f. 2011) fer fram dagana 1. - 10. mars nk. Innritað er á þjónustugátt Garðabæjar.

Athugið aðeins er nauðsynlegt er að innrita þá nemendur í 8. bekk sem skipta um skóla. Innritun lýkur 10. mars nk. Sömu daga fer fram skráning vegna nemenda í 2.-9. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. Áriðandi er að foreldrar tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 11. mars nk. Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á frístundaheimilum Álftanesskóla, Flataskóla, Hofsstadaskóla, Sjálandsskóla og Urriðaholtsskóla á næsta ári fer einnig fram þessa sömu daga. Hún er einnig á þjónustugátt Garðabæjar. Sama gildir fyrir sérstakt frístundaúrræði Garðahraun sem er fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Mikilvægt er að sótt sé sem fyrst um dvöl á frístundaheimilum. Ef umsóknir fyrir næsta skólaár berast fyrir 15. júní fær barnið pláss á umbeðnu frístundaheimili. Umsóknir sem berast eftir þann tíma eru afgreiddar með tilliti starfsmannahalds hverju sinni.

Athygli er vakin á að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annarra sveitarfélaga og sjálfstætt reknum grunnskólum skólaárið 2024-2025 er til 1. apríl og skulu umsóknir berast fræðslusviði Garðabæjar. Vakin er athygli á að umsókn fyrir nemanda sem stundar nám í grunnskóla utan Garðabæjar þarf að endurnýja fyrir hvert skólaár.

### Kynningar í grunnskólum

Forráðafólki og væntanlegum nemendum gefst kostur á að koma í heimsókn í grunnskólana í Garðabæ frá 1. -10. mars. Gestum gefst þá kostur á að skoða skólana í fylgd starfsmanna og/eða nemenda. Vinsamlega hafið samband við skrifstofu skólanna og bókið heimsókn sé óskað eftir því eða mætið á opið hús þar sem það á við. Forráðafólk og væntanlegir nemendur eru hvattir til að skoða vefsíður skólanna. Þar má finna gagnlegar upplýsingar og margskonar fróðleik um skólastarfið. Kynningarefni er aðgengilegt vefsíðum skólanna.

### Kynnið ykkur skólastarfið með því að bóka tíma eða mætið á opið hús þar sem það á við.

#### ALÞJÓÐASKÓLINN

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 594-3100 eða sendið tölvupóst á netfangið: [admin@internationalschool.is](mailto:admin@internationalschool.is) Internationalschool.is

#### ÁLFTANESSKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 540 4700 eða sendið tölvupóst á netfangið: [alftanesskoli@alftanesskoli.is](mailto:alftanesskoli@alftanesskoli.is)

#### BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNNAR

Opið hús og kynning á 6 ára kjarna, verður þriðjudaginn 5. mars kl: 17:00-18:00. S. 555 7710 , netfang: [barnaskolinngbr@hjalli.is](mailto:barnaskolinngbr@hjalli.is) bskgbr.hjalli.is

#### FLATASKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: S. 513 3500 eða sendið tölvupóst á netfangið: [flataskoli@flataskoli.is](mailto:flataskoli@flataskoli.is)

#### GARÐASKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 590 2500 eða sendið tölvupóst á netfangið: [gardaskoli@gardaskoli.is](mailto:gardaskoli@gardaskoli.is)

#### HOFSTADASKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 590 8100 eða sendið tölvupóst á netfangið: [hskoli@hofstadaskoli.is](mailto:hskoli@hofstadaskoli.is)

#### SJÁLANDSSKÓLI

Opið hús og kynning verður þriðjudaginn 5. mars kl. 16:00 – 17:00. Hafið samband við skrifstofu skólans ef óskað er eftir að koma á öðrum tíma, í síma: 590 3100 eða sendið tölvupóst á netfangið: [sjalandsskoli@sjalandsskoli.is](mailto:sjalandsskoli@sjalandsskoli.is)

#### URRIÐAHOLTSSKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 591 9500 eða sendið tölvupóst á netfangið: [urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is](mailto:urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is)



## Alþjóðaskólinn á Íslandi - eini alþjóðlegi grunnskólinn á Íslandi

## Gæði kennslu - gjöfult nám - gleði í starfi

Alþjóðaskólinn á Íslandi er eini alþjóðlegi grunnskólinn á landinu. Skólinn býður upp á vottað alþjóðlegt nám fyrir nemendur á öllum stigum grunnskólans (1.-10. bekkur). Á yngri stigi skólans er val um tvítyngda eða enska námsbraut.

## Nýtt skólahúsnæði í Garðabæ

Við erum ákaflega stolt af nýja húsnæðinu okkar sem við tókum í notkun í haust. Þessi fyrsta álma byggingarinnar hefur tekið vel utan um nemendur og starfsfólk og er það mat okkar sem hér störfum að byggingin sé hlýleg, vel hljóðeinangruð og vel fer um alla. Við höldum einnig þórmörk þar sem yngstu nemendur okkar hafa komið sér vel fyrir.

## Hverjir eru nemendur okkar?

Nemendur okkar koma víðsvegar að. Íslenskir nemendur með alþjóðlegan bakgrunn, tvítyngdir nemendur þar sem til að mynda annað foreldrið er íslenskt og hitt erlent, nemendur sérfræðinga eða sendiráðsstarfsmanna sem vinna tímabundið á landinu svo eitthvað sé nefnt. Við fögnum fjölbreyttum bakgrunni nemenda okkar í eggjum metnað okkar í að mæta þörfum hvers og eins.

## Alþjóðleg námskrá og faggilding

Skólinn hefur hlotið alþjóðlega faggildingu hjá Council of International Schools (CIS) og The Middle States Association of Colleges and Schools (MSA) sem og að skólinn er lögillt IB skóli.



Alþjóðaskólinn er kominn í nýtt og glæsilegt húsnæði að Þórsgarði

## International Baccalaureate (IB)

Í 7-10 bekk kennir skólinn eftir alþjóðlegri námskrá sem kallast IB (International Baccalaureate). Námið fer að mestu fram á ensku og er ætlað að undirbúa nemendur fyrir alþjóðlegt framhaldsnám, meðal annars IB brautina í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

## The International Primary Curriculum (IPC)

Í 1. til 6. bekk er, auk kjarnagreina, kennt eftir alþjóðlegri námskrá sem kallast IPC (International Primary Curriculum). Hún byggist á þekkenntu þar sem börnin læra um sitt nærumhverfi og sitt heimaland samhliða því að læra um ákveðin þemu. Inn í þemað fléttast sögukennsla, samfélagsfræði, náttúrufræði

og fleira. Oft tengjast IPC þemur svo inn í kjarnagreinar, sem eykur samfellu í námi nemenda.

## Virðing, skapandi hugsun og trú á eigin getu

Áhersla er lögð á að bæði nemendur og starfsfólk hafi sjálfstraust og trú því að þau geti tekist á við þau margvíslegu og krefjandi verkefni sem lifið hefur uppá að bjóða. Leitast er við að efla nemendur til dáða og allir eru hvattir til að verða besta útgáfan af sjálfum sér, bæði í lík og starfi.

## Nánari upplýsingar og umsóknir

Við hvetjum áhugasama til að kynna sér heimasíðu skólans og hringja eða skrifa okkur til að fá nánari



Hanna Hilmarsdóttir

upplýsingar um starfseminna. Jafnframt er hægt að bóka tíma í heimsókn, annað hvort með netpósti eða samtali. Á heimasíðu skólans, [www.international-school.is](http://www.international-school.is) má finna umsóknareyðublöð. Nauðsynlegt er að fylla þau út og fá staðfestingu um skólavist.

Hanna Hilmarsdóttir, skólastjóri

Alþjóðaskólinn á Íslandi

Þórsgarður 2, 210 Garðabær

Sími: 594-3100

Netfang: [admin@internationalschool.is](mailto:admin@internationalschool.is)Veffang: [www.internationalschool.is](http://www.internationalschool.is)

## Flataskóli - menntun, árangur og ánægja

## Framsækið skólastarf á traustum grunni

Flataskóli hefur frá árinu 1958 menntað unga Garðabæinga við góðan orðstír. Í skólanum eru nú við störf um 330 nemendur á aldrinum sex til tólf ára í 1.-7. bekk.

## Sýn Flataskóla

Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa. Áhersla á S-in fimm seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

Stefna Flataskóla er byggð á þeim einkunnarorðum sem skólinn hefur sett sér að vinna eftir. Einkunnarorðin eru menntun, árangur og ánægja

Skólinn hefur sett sér sýn og markmið tengt hverju einkunnarorði:

## Menntun

Menntun nemenda stuðli að sjálfstæði þeirra, sköpunargleði og samkennd

## Markmið

- Ýtt er undir sjálfstæði nemenda og áhrif þeirra og meðvitund um eigið nám eftir
- Nemendum eru gefin fjölbreytt og markviss tækifæri til að hafa skapandi áhrif á eigið nám
- Gagnkvæm virðing ríkir í samskiptum innan skólans og fjölbreytileika er fagnað
- Nemendur fá tækifæri til að læra um möguleika og áskoranir stafrænnar tilveru sinnar.

## Árangur

Skipulag náms og kennslu einkennist af fagmennsku og hvetjandi námsmenningu í anda leiðsagnarnáms til að ýta undir framfarir nemenda.

## Markmið

- Í Flataskóla ríkir fagmennska í starfsemi skólans
- Menntun nemenda er markviss
- Stuðlað er að hvetjandi námsmenningu í anda leiðsagnarnáms til að ýta undir metnað og framfarir nemenda.



## Ánægja

Nám nemenda sé áhugavert og veran í skólanum uppbyggileg og ýti undir sterka sjálfsmýnd nemenda.

## Markmið

- Nám nemenda er áhugavert og merkingarþætt fyrir nemendum
- Sjálfsmýnd nemenda og trú á eigin getu eflast á skólagöngu þeirra.

Í Flataskóla leggjum við ávallt kapp á að veita menntun eins og hún gerist best í samræmi við áherslur og þarfir hvers tíma. Við leitumst við að ná sem bestum árangri sem einstaklingar og sem heild og að styðja hvert annað til góðra verka. Við minnumst þess að skólinn er ekki bara undirbúningur undir lífið heldur hluti af lífinu sjálfu og því leggjum við áherslu á að gera hvern dag sem ánægjulegastan. Vingjarnleiki, virðing, samkennd, ábyrgð og mannrækt einkennir samskiptin innan skólans og lögð er áhersla á

persónuleg samskipti í heimilislegu andrúmslofti. Skólinn á gott samstarf við foreldra og starfsmenn vinna markvisst að því að nám og starf allra nemenda miðist við þarfir þeirra, getu og sterkar hliðar. Skólastarfið byggir á gömlum grunni og við eigum margar góðar og gamlar venjur sem mynda góðan ramma um starfið en á sama tíma leitum við sífellt nýrra leiða til að læra og ná framförum.

Í Flataskóla leggjum við mikla áherslu á að nemendur fái tækifæri til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar á margvíslegan hátt. Lýðræðislegir samskiptahættir og vinnubrögð eru æfð markvisst. Skólinn hefur hlotið viðurkenningu sem réttindaskóli Unicef þar sem unnið er markvisst eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í öllum hópum eru reglulegir bekkjafundir þar sem nemendur þjálfast í að ræða saman og leysa ýmis mál sem upp koma. Við teljum það eitt af aðalhlutverkum okkar að hvetja nemendur til aukinnar meðvitundar um vinsamlegt samfélag og áhrif hvers



Heiðveig Hanna Friðriksdóttir

einstaklings bæði á sitt líf og annarra. Árlega taka nemendur og starfsmenn þátt í góðgerðarverkefnum sem hafa það markmið að láta gott af sér leiða fyrir aðra.

Á vefsíðu skólans [www.flataskoli.is](http://www.flataskoli.is) má finna hagnýtar upplýsingar um skólann og skólastarfið.

Öllum þeim sem óska eftir að koma í heimsókn og fá kynningu á skólanum er velkomið að hafa samband við Helgu Kristjánsdóttur deildarstjóra með tölvupósti á [helgakris@flataskoli.is](mailto:helgakris@flataskoli.is).

Einnig er hægt að hringja í skrifstofu skólans í s.5133500 og senda póst á netfangið [flataskoli@flataskoli.is](mailto:flataskoli@flataskoli.is). Við bjóðum nýja nemendur og foreldra hjartanlega velkomna í skólasamfélagið okkar í Flataskóla!

Heiðveig Hanna Friðriksdóttir, skólastjóri

Flataskóli við Vífilsstaðaveg

Árgangar 1.-7. bekkur

Fjöldi nemenda: 330

Sími: 5133500

Netfang: [flataskoli@flataskoli.is](mailto:flataskoli@flataskoli.is)

## Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilstöðum

# Glöð börn, glaðir foreldrar, glaðir kennarar og góður námsárangur

Barnaskóli Hjallastefnunnar hefur verið starfræktur á Vífilstöðum frá því haustið 2003. Aðalsmerki skólans hefur verið frá upphafi að skapa jafnvægi á milli náms og leiks þar sem vellíðan hvers barns skiptir mestu máli. Við erum skóli jafnréttis, umburðarlyndis og höfum virðingu einstaklingsins í forgrunni. Við mætum hverju barni eins og það er og teljum okkur geta fylgt börnum sérstaklega vel eftir hvað varðar námslega og félagslega þætti.

Í starfinu leggjum við ríka áherslu á að skapa skólaumhverfi sem einkennist af nálægð, trausti og kærleiksrikum samskiptum. Þetta læra börnin í daglegu amstri undir styrki stjórn kennara sem leiðbeina börnum í jákvæðar áttir. Í Barnaskólanum höfum við náð góðum árangri í að fylgja þessum lykilþáttum eftir með námskrá þar sem einstaklings- og félagsþættir eru æfðir sérstaklega.

Í Barnaskólanum er nú heildstætt skólasamfélag fyrir börn frá 5 ára gömlum upp í 12 ára og því eru hér þrjú skólastig undir einum hatti. Það má með sanni má segja að hér iði allt af lífi og sál þar sem hver einasti gólfliötur hefur verið nýttur til hins ýtrasta en viðbætur á húsnæði okkar hafa aðstoðað heilmikið og vonum við að svo verði áfram.

## Kynjanámskrá og aðalnámskrá

Skólinn starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem byggir á jafnrétti stúlkna og drengja, þar sem báðum kynjum er gert jafnhátt undir höfði og menning beggja kynja er virt.

Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar móta inntak allrar kennslu. Kennsluhættir Barnaskólans eru einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og því býðst sá fjölbreytileiki sem æskilegur er í námsumhverfi barna. Við skiptum barnahópnum ekki í hefðbundna bekkir heldur í stúlnakjarna og drengjakjarna. Takmarkaður fjöldi barna á hvern kennara gerir það að verkum að hvert barn fær þá athygli sem á þarf að halda hverju sinni.

Í fjögurra vikna lotum vinnum við með félags- og tilfinningaþroska jafnhliða því sem börnin læra að lesa, skrifa og reikna, eru í íþróttum, sundi, ensku og fleiru. Eftir hverja fjögurra vikna lotu kemur opin vika. Þá vinnum við í smíðjum og leggjum höfuð-áherslu á list- og verkgreinar, skapandi starf og samvinnu.

Opinn efniviður og kennsla án hefðbundinna námsbóka fyrir hvern og einn nemanda eru einkennandi því kennarar skipuleggja kennslu og móta viðfangsefni með námsmarkmið barna að leiðarljósi. Mikið er unnið út frá hlutbundinni vinnu þar sem verkefni eru útfærð á lífandi og skemmtilegan hátt og ólíkar leiðir farnar í uppgötvunarnámi barna. Námið fer oft fram í stöðvavinnu og börn fá verkefni sem hæfa getu þeirra og áhuga. Þannig er reynt að mæta hverju barni þar sem það er stöð og veita því tækifæri til að vinna sig í átt að námsmarkmiðum kjarnans.

Á Vífilstaðatorfunni er umhverfið friðsælt, skólalóðin mjög stór en stutt er í berjabrekkur og inn í skóg. Skólinn opnar kl. 7.45 og eftir skóla er Frístund opin til kl. 16:30. Það er sívinsælt að „velja út“ í Frístund en kennarar fara líka mikið út með kjarnahópna sína á skólatíma.

## Miðstig skólans

Farið var af stað með miðstigi í skólanum árið 2019 og hefur starfið verið fjörukt og kennsla með hefðbundnu og óhefðbundnu sniði. Áhersla hefur verið lögð á samvinnu sem og fjölbreytt námsefni á miðstigi. Börnin hafa farið í þónokkrar vettvangsferðir, iðkað jóga, leiklist og heimilisfræði í svokölluðum lotum. Á haustmánuðum fóru öll börn á miðstigi í skapandi skrif í Bókasamlaginu undir handleiðslu rithöfundarins Kikku sem skrifaði m.a. Ávaxtakörfuna. Sköpun í skólastarfi er gert hátt undir höfði og leitast er við að hugsa út fyrir hefðbundinn ramma skólastofunnar með samræðum, leik og söng. Tónlistarmaðurinn Markús Bjarnason hefur kennt tónlistarsköpun með raftónlist og lagasmíðum. Lestur, útivera, gagnrýnin hugsun, samskipti og lýðræði í skólastarfi fá mikið rými í hverjum hóp og börnin eru hvött til að taka ábyrgð á eigin framvindu undir styrki leiðsögn kennara.

## Fjörukt fimm ára starf

Frá árinu 2003 hefur verið boðið upp á nám og kennslu fyrir fimm ára börn hér í Barnaskólanum og því er komin töluverð reynsla á því góða starfi. Námsleiðirnar eru að mestu í gegnum leik, söng og hreyfingu.

Okkur hefur tekist einstaklega vel til með lestrarkennslu okkar barna. Mörg af fimm ára börnunum okkar eru komin vel af stað í lestri þegar þau hefja grunnskólanám í sex ára kjarna. Góð samvinna milli fimm og sex ára kjarna gefur okkur tækifæri til að skipuleggja lestrarnámið á þeim hraða sem hentar þroska og þörfum hvers barns.

Á fimm ára kjörnum skiptum við kennslunni upp í lotur í upphafi annar og kennum stærðfræði og lestur á víxl, sem blandast þó meira þegar á líður. Í vetur höfum við boðið upp á hreysti og hreyfiviku en þá fara 5 ára börnin okkar markvisst í sundkennslu undir stjórn íþróttakennara og einnig í íþróttútskið Miðgarð.

Vettvangsferðir hafa verið hluti að starfi á 5 ára kjörnum en þar skipuleggja kennarar ferðir með börnin sem geisla af áhuga þegar í hús er komið.

## Sumarskólinn á sumrin

Við Barnaskólann er starfræktur sumarskóli hluta af sumarleyfi grunnskólans. Þar er gleði, öryggi og frelsi í forgrunni og er fjör og frumkvæði barna er sérstaklega eflt.

Veiðiferðir, hellaskoðun, bæjarferðir, kofabyggð, vatnafjör, sköpun og listkennsla eru lykilorð í starfi sumarskólans auk endalausra leikja í ósnortinni náttúru í nágrenni skólans. Börnin okkar finna til öryggis og festu þar sem öflugt starfsfólk sem hefur fengið góða leiðsögn í hjalliskum starfsháttum, leiðir sumarskólasterfið.

## Þjálfun í mannlegum eiginleikum

Við erum stolt og glöð yfir að geta boðið börnum upp á fjölbreytt skólastarf þar sem fyrst og fremst er hugað að velferð allra barna og þeim mætt á þeirra forsendum. Hjallískt skólasamfélag tryggir jafnrétti allra barna og veitir frelsi innan skýrra ramma og stöðugleika. Við lítum einnig jöfnum höndum á mikilvægi þess að þjálfarar mannlega eiginleika og færni, þjálfarar kjark, þjálfarar jákvæðni, þjálfarar samskipti, þjálfarar vináttu og þjálfarar kærleika líkt og leikni í bóknámsgreinum.

## Velkomin til okkar

Opið hús verður þriðjudaginn 5. mars frá kl. 17:00 - 18:00 og þá bjóðum við alla velkomna sem vilja kynna sér skólastarf á 6 ára kjörnum, fyrir veturinn 2024-2025. Velkomið er að hringja í síma 5557710 og



Lovisa Lind Sigurjónsdóttir



Anna Margrét Ólafsdóttir

panta annan tíma til heimsóknar og svo má senda okkur póst á barnaskolinngbr@hjalli.is

Við tökum vel á móti ykkur.

Með góðri kveðju, Lovisa Lind og Anna Margrét skólastýrur

## INNTRITUN Í GRUNNSKÓLA Í GARÐABÆ FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2024-2025

Innritun nemenda í 1. bekk (f. 2018) og 8. bekk (f. 2011) fer fram dagana 1. - 10. mars nk. Innritað er á þjónustugátt Garðabæjar.

Athugið að aðeins nauðsynlegt er að innrita þá nemendur í 8. bekk sem skipta um skóla. Innritun lýkur 10. mars nk.

Sömu daga fer fram skráning vegna nemenda í 2.-9. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. Áriðandi er að forráðafólk tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 10. mars nk. Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á frístundaheimilum Álftanesskóla, Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjalandskóla og Urriðaholtsskóla á næsta ári fer einnig fram þessa sömu daga. Hún er einnig á þjónustugátt Garðabæjar. Sama gildir fyrir sérstakt frístundaúrræði Garðahraun sem er fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Mikilvægt er að sótt sé sem fyrst um dvöl á frístundaheimilum. Ef umsóknir fyrir næsta skólaár berast fyrir 15. júní fær barnið pláss á umbeðnu frístundaheimili. Umsóknir sem berast eftir þann tíma eru afgreiddar með tilliti til starfsmannahalds hverju sinni.

### Nánari upplýsingar má nálgast í skólunum:

- Álftanesskóli, s. 540 4700, alftanesskoli.is
- Flataskóli, s. 513 3500, flataskoli.is
- Garðaskóli, s. 590 2500, gardaskoli.is
- Hofsstaðaskóli, s. 590 8100, hofsstadaskoli.is
- Sjalandskóli, s. 590 3100, sjalandsskoli.is
- Urriðaholtsskóli, s. 591 9500, urridaholtsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar, s. 555 7710, bskgbr.hjalli.is
- Alþjóðaskólinn sími 594 3100, internationalschool.is

Athygli er vakin á að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annarra sveitarfélaga og sjálfstætt reknum grunnskólum skólaárið 2024-2025 er til 1. apríl og skulu umsóknir berast fræðslusviði Garðabæjar. Vakin er athygli á að umsókn fyrir nemanda sem stundar nám í grunnskóla utan Garðabæjar þarf að endurnýja fyrir hvert skólaár.

Í Garðabæ velur forráðafólk í hvaða grunnskóla þeir senda barn sitt. Skólastjórnendur grunnskóla í Garðabæ geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Garðabæ skólavist í grunnskóla Garðabæjar enda sé nægjanlegt húsrými til staðar, ákvörðunin leiði ekki til viðbótarkostnaðar fyrir Garðabæ og fyrir liggja samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.



**Garðaskóli - uppbyggilegur skólabragur, metnaðarfullt námsframboð**

# Uppbyggjandi unglingsamfélag

Í Garðaskóla stunda um 630 nemendur nám í 8.-10. bekk. Markmið okkar er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi og stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda í samstarfi við heimilin. Leiðarljós okkar í þeirri vinnu eru gildi skólans; frelsi, ábyrgð, vellíðan og árangur.

Í Garðaskóla starfar öflugur hópur fagfólks sem hefur valið sér að vinna með unglungum og hefur reynslu á því sviði. Kennarar kenna að jafnaði eingöngu sína faggrein sem gerir það að verkum að í hverju fagi fá nemendur kennara sem er sérfræðingur á sínu sviði. Við störfum eftir hugmyndaferði Uppbyggingar sjálfsgaga. Í því felst að nemendum er leiðbeint og kennt að bera ábyrgð á eigin hegðun. Öll geta gert mistök en áskorunin felst í því að læra af þessum mistökum og hvernig á að koma í veg fyrir að þau gerist aftur. Áhersla er lögð á góð samskipti milli starfsfólks og nemenda svo hægt sé að leysa vandamál á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Við trúum því að helsta forsendan fyrir árangri í námi sé vellíðan.

Félagsmiðstöðin Garðalundur er staðsett í skólanum og er félagslíf nemenda skipulagt þaðan. Skólinn og félagsmiðstöðin eiga í nánú samstarfi og vinna saman að því að fylgjast með velferð unglunganna. Garðalundur er með almenna opnun þrjú kvöld í viku en að auki eru starfrækt sértækt hópastarf. Einnig skipuleggur Garðalundur ýmis konar félagsstarf á skólatíma í samstarfi við skólann.

Í 8. bekk röðum við nemendum í umsjónarhópa þar sem lögð er áhersla á að blanda þeim eins mikið og



Félagsmiðstöðin Garðalundur er staðsett í skólanum og er félagslíf nemenda skipulagt þaðan

hægt er. Öll fá þó tækifæri til að óska eftir þremur bekkjarfélögum og getum við lofa því að öll fá a.m.k. eina ósk uppfyllta. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nýnemum, kenna þeim vinnubrögð skólans og leyfa þeim að njóta þess frelsis og fjölbreytileika sem skólinn og Garðalundur bjóða upp á.

Nemendur eru í sama umsjónarhóp öll árin sín í skólanum. Í 8. bekk eru nemendur með sínum umsjónarþegnum í öllum fögum á meðan þau eru að ná félagslegri fót-festu í skólanum. En í 9. og 10. bekk fær hver og einn nemandi sérsníðna stundaskrá sem líkja má við fjölbrautakerfi framhaldsskóla. Eldri nemendur hitta þó

sinn umsjónarþegnum og umsjónarkennara á hverjum degi í yndislestri og í einum umsjónartíma á viku.

Í 9. og 10. bekk eykst frelsi nemenda til að hafa áhrif á nám sitt. Í mörgum kjarnafögum er þeim skipt upp í getuskipta hópa svo að hver og einn fái nám og kennslu við hæfi. Að auki geta nemendur valið úr yfir 40 valáfögum sem kenndir eru við skólann. Samstarf Garðaskóla og FG er einnig rötgróid og geta nemendur sem standa vel að vígi í námi hafið framhaldsskólanám í ensku, íslensku og/eða stærðfræði strax í 10. bekk.



Jóhann Skagfjörð

Umsjónarkennarar, námsráðgjafar og deildarstjórar fylgjast stöðugt með námi, samskiptum og líðan nemenda. Brugðist er við eftir þörfum en einnig eftir óskum nemenda og/eða forráðafólks og margvíslegum úrlausnum beitt eftir því hvað hentar hverju sinni. Öflugt námsver er við skólann og starfsfólk þess vinnur náið með fagkennurum og stjórnendum að því að mæta þörfum hvers nemanda og veita þann stuðning sem þörf er á.

Í Garðaskóla er öflugt og uppbyggjandi unglingsamfélag með hæfum hópi starfsfólks sem tekur vel á móti öllum nemendum.

Jóhann Skagfjörð, skólastjóri

**Hofsstaðaskóli - fjölbreytt og skapandi skólastarf**

# Vinnusemi - Virðing - Viska - Vellíðan - Verkmennnt

Í Hofsstaðaskóla eru 520 nemendur í 1 - 7. bekk. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi skólastarf. Leiðarljósinn fimm vinnusemi, virðing, viska, vellíðan og verkmennnt eru grundvöllur starfsins og lagt er upp með að nemendur og starfsmenn tileinki sér þau í leik og starfi.

**Námsumhverfi**


Við skólann starfar fjölmennur hópur starfsmanna sem leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi námsumhverfi fyrir alla. Hlið er að nemendum með það markmið að byggja upp áhugasama, ábyrga, metnaðarfulla og sjálfstæða einstaklinga. Lögð er áhersla á sköpun og eru list- og verkgreinar kenndar af sérgreinakennurum allt frá 1. bekk í s.k. smiðjum sem eru minni hópar. Í smiðjum eru líka aðrar greinar m.a. upplýsingatækni, forritun, sund, enska, eðlisvísindi og vináttuþjálfun.

**Jákvæður skólabragur**

Í Hofsstaðaskóla er unnið markvisst að því að byggja upp jákvæðan skólabrag sem einkennist af vinsemd og virðingu. Unnið er samkvæmt hugmyndaferði Uppeldis til ábyrgðar þar sem áhersla er lögð á sjálfstjórn, ábyrgð og innri hvata. Mikilvægt er að nemendur geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. Reglulegir bekkjarfundir og forvarnarfræðsla er mikilvæg með það að markmiði að byggja upp jákvæð samskipti meðal nemenda. Nemendum eru kenndar aðferðir til að auka vellíðan t.d. með hugleiðslu og slökun.

**Lestrarnám**

Grundvöllur árangurs í lestrarnámi er að leggja jafna áherslu á talað mál, hlustun, lestur, orðaforða, stafsetningu og ritun. Orðaforði, málþroski og reynsluheimur



nemenda eru undirstaða lesskilnings. Lestrarkennsla í Hofsstaðaskóla byggir á samþættingu margra þátta. Áhersla er lögð á áhugahvetjandi verkefni. Samstarf við foreldra skiptir miklu máli í lestrarnáminu og heimalestri er fylgt markvisst eftir.

**Þróunarstarf**

Allir kennarar skólans hafa tekið þátt í þróunarstarfi um leiðsagnarnám sem felur í sér að setja upp árangursviðmið, virkja nemendur meira, vinna með opnar spurningar og leiðbeinandi námsmat. Flestir um-

sjónarkennarar hafa verið með í þróunarstarfi um nemendastýrð foreldrasamtöl sem eru tvisvar á skólaárinu, eitt á haustönn og annað á vorönn.

**Uppbrotsdagar**

Ýmiskonar uppbrot og viðburðir eiga sinn fasta sess í starfinu t.d. samsöngur, HS-leikar, öskudagsfjör, 100 daga hátíð í 1. bekk, diskótek, þorrablót í 6. bekk, árshátíð 7. bekkja ásamt fjölbreyttum vettvangsferðum og viðburðum.



Hafdis Bára Kristmundsdóttir

**Kynning á skólastarfi í 1. bekk**

Foreldrum og forráðafólki barna sem hefja skólagöngu haustið 2024 er bent á kynningarefni á vefsíðu skólans. <http://hofsstadaskoli.is/skolinn/kynning-a-hofsstadaskola/>

Þau sem óska eftir því að fá frekari kynningu og eða koma í heimsókn hafa samband við skrifstofu skólans í síma eða senda tölvupóst.

Hafdis Bára Kristmundsdóttir skólastjóri

Hofsstaðaskóli v/Skólabraut

Sími: 590-8100

Veffang: [www.hofsstadaskoli.is](http://www.hofsstadaskoli.is)

Netfang: [hskoli@hofsstadaskoli.is](mailto:hskoli@hofsstadaskoli.is)

# Innritun nemenda í 1. og 8. bekk fer fram dagana 1.-10. mars 2024



# Segðu hó!

Finnur þú draumastarfið í leikskóla í Garðabæ?

Við leitum að fagfólki til að byggja upp næstu kynslóð. Taktu þátt í faglegu starfi og fáðu forgang við úthlutun leikskólaplássna, afslátt af leikskólagjöldum, árskort í sund og ýmis fleiri fríðindi.



# MENNING Í GARÐABÆ

## DAGSKRÁ

## MARS

# HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

### Sýningar

3. febrúar 2023–1. mars 2026

## HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þaðan. Eðli málsins samkvæmt er fjölbreytileikinn allsráðandi.

### Pallurinn

1. mars–26. maí

## SKART

Sýning á skartgripum eftir Helgu Mogensen, Ingiríði Óðinsdóttur og Jónu Sigríði Jónsdóttur. Sýningin er unnin í samstarfi við Textílfélagið í tilefni af 50 ára afmæli þess.

### Vinnustofudvöl

2. febrúar–5. maí 2024

## MARTA STAWOROWSKA GULLSMÍÐUR

### Viðburðir

Föstudagur 1. mars  
Kl. 17

Opnun á sýningunni Skart.

Sunnudagur 3. mars  
kl. 13-15

## SKÍNANDI SKART

Skartgripasmiðja með Helgu Mogensen sem ætluð er allri fjölskyldunni.

Sunnudagur 17. mars  
kl. 13

Leiðsögn með Sigríði Sigurjónsdóttur safnstjóra um sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili.

# BÓKASAFN GARÐABÆJAR

### Viðburðir

Laugardagur 2. mars  
kl. 12-14 í Urriðaholtsskóla

## SAGNASTUND

um álfa og huldufólk með Björk Bjarnadóttur þjóðfræðingi.

Laugardagur 2. mars  
kl. 12-14 á Álftanessafni

## PERLUM SAMAN

Laugardagur 16. mars  
kl. 13 á Garðatorgi

## SKAPANDI SMÍÐJA

með Ásgerði Heimisdóttur.

Fimmtudagur 21. mars  
Kl. 10.30 á Garðatorgi

## FORELDRASPJALL

með Hrafnhildi Helgadóttur með yfirskriftinni Færir foreldrar.

## AFTUR TIL HÖFSSTAÐA

Garðatorgi 7

Margmiðlunarsýning sem spannar sögu Garðabæjar frá upphafi landnáms til okkar daga.

# TÓNLISTAR-NÆRING

### Tónleikar

Miðvikudagur 6. mars  
kl. 12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar.

LAUFHEY SIGRÚN  
HARALDSDÓTTIR píanó  
& SÓLBORG  
VALDIMARSDÓTTIR píanó

## MINJAGARÐURINN Á HÖFSSTÖÐUM við Kirkjulund

Skyggnist inn í fortíðina og upplifið lífið í landnámsskálanum með aðstoð margmiðlunarsjónauka. Ný sýning sem byggir á fornleifarannsóknum á staðnum.



Heildardagskráin er aðgengileg á Hönnunarsafni Íslands og Bókasafni Garðabæjar sem og þjónustuveri Garðabæjar. Þá má sjá rafræna dagskrá á vef Garðabæjar undir Mannlíf.